

og 3. júní 1796 § 15 fram lagt skriflega framsögu sakar um leið og stefnan fjell í rjett; að vísu hafi hann lagt fram sóknarskjal, en það sje ekki nema upptalning nokkurra skjala, er hann þá um leið lagði fram, og nokkrar rjettarkröfur, er þó allar, nema hin fyrsta, aðalrjettarkrafan, liggi fyrir utan stefnuna, og sumpart þess vegna, sem það sýnist, að mótparturinn hafði lagt fram ýmisleg skjöl, er eigi höfðu verið fyrir undirrjettinum, án þess að hafa útvegað sjer konunglegt leyfisbrjef til þess. En með því eigi ber að rannsaka á þessu stigi, eða fyr en það verður dæmt í aðalefninu, hvort tillit verður tekið til áminnztra skjala og rjettarkrafa, og það eigi heldur verður sjeð, að áfrýjandinn hafi gjört sig sekan í yfirtroðslu nefndra lagaboða, getur frávisunarkrafa þessi eigi tekizt til greina, heldur ber hinum stefnda, eptir beiðni hans, ef frávisunarkröfunni eigi yrði framgengt, að veitast hæfilegur frestur til að svara um aðalefnið, er ákvarðast að vera skuli 14 dagar.

Því úrskurðast:

Frávisunarkrafa hins stefnda getur eigi tekizt til greina, en þar á móti veitist honum 14 daga frestur til að svara um aðalmálefnið sjálft.

Mánudaginn 11. júnímán.

Nr. 4/1877:

Rjettvísin
gegn

Jakob Davíð Sigurðssyni.

Dómur.

Með eigin játningu hins ákærða Jakobs Davíðs Sigurðssonar og öðrum upplýstum atvikum er það löglega sannað, að hann 20. septembermán. f. á. hafi stolið tæpum 4 krónum og 1 franka úr sölubúðinni á Oddreyri með þeim hætti, að hann um kveldið, þegar allir

voru farnir úr búðinni, kippti hleranum frá einum búðarglugganum, en hleri þessi var mjög ljelegur, flutti síðan kassa, er stóð þar nálægt, að glugganum, stje upp á hann, og náði þannig með hendinni inn um rúðu, sem brotnað hafði, þegar hann kippti hleranum frá, í peningaskúffuna í púlti þar í búðinni og tæmdi hana. Þegar hann var búinn að ná í peningana, heyrðist honum einhver vera í hinum enda búðarhússins, og flýtti hann sjer því burtu. Nokkrum dögum seinna, eða 29. s. m., var hinn ákærði staddur í búð Eggerts Laxdals á Akureyri, og lagði sig um dagsetursleytið til svefnis í gangi fram af sölubúðinni; þegar hann vaknaði, varð hann þess áskynja, að engir aðrir voru orðnir eptir í búðinni, en verzlunarstjórinn og bróðir hans, og fór hann þá niður í kassa þar í ganginum, til þess að felast þar, þangað til allir væru farnir úr búðinni, og svo fara þar inn og stela; þegar þeir bræður síðan voru farnir, fór hann upp úr kassanum og inn í sölubúðina inn um dyrnar, sem voru læstar, en með lykilinn í skránni; en áður en hann gat stolið nokkru, kom verzlunarstjórinn að honum og tók hann. Í húsi því, sem sölubúð þessi er í, býr enginn nje heldur sefur neinn maður þar á nóttunni. Loks hefur hinn ákærði játað, að hann 23. s. m. hafi verið að telja nokkra skildinga, sem hann hafði unnið sjer inn, við búðarborðið í sömu sölubúð; hafi þá farið saman við skildinga hans nokkrir skildingar, er lágu þar á borðinu, án þess hann hefði tekið eptir því; en skömmu seinna hafi hann verið spurður eptir, hvort hann hefði ekki tekið 63 aura, sem hefðu verið lagðir á búðarborðið handa öðrum manni, en hann hafi synjað að vita neitt um þá, þó að hann þá væri orðinn þess var, að skildingar hans höfðu fjölgað. Hinn ákærði er fæddur árið 1856, og er með dómi, upp kveðnum fyrir aukarjetti Akureyrar kaupstaðar

8. ágúst f. á., dæmdur í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð, fyrir þjófnað framinn í fyrsta sinni. Fyrir afbrot þau, sem hjer að framan eru talin, er hinn ákærði aptur dæmdur fyrir aukarjetti sama kaupstaðar 30. októbermán. f. á. í 3 ára betrunarhúsvinnu, til að greiða 4 kr. 63 a. í iðgjöld, og til að borga allan kostnað af málinu, þar á meðal 5 kr. í málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, en þeim dómi er áfrýjað til yfirdómsins af hálfu hins opinbera.

Undirdómarinn hefur heimfært brot hins ákærða undir 231. gr. 4. tölulið í hegningarlögunum, og þannig dæmt hann fyrir stórbjófnað í fyrsta sinni framinn; en þar sem hinn ákærði ekki fór inn í sölubúðina á Oddeyri, heldur stóð fyrir utan, og að eins rjetti höndina inn um gluggann, verður að skoða þjófnað þann, sem hann framdi þar, sem einfaldan þjófnað, eins og tilraun hans til að stela í sölubúð Eggerts Laxdals ekki heldur verður skoðuð nema sem tilraun til einfalds þjófnaðar, með því að enginn maður býr í búðarhúsinu. Aptur á móti getur hinn ákærði ekki komizt hjá að verða dæmdur fyrir þjófnað, framinn í annað sinn, með því búíð var að dæma hann fyrir þjófnað, framinn í fyrsta sinn, áður en hann drýgði þennan nýja þjófnað; en það kemur ekki til greina, hvort hegningin eptir þeim dómi þá var tekin út eða ekki. Samkvæmt þessu ber að heimfæra afbrot hins ákærða undir 232. gr. 1. lið sbr. við 47. gr., 250. gr. og 63. gr. hegningarlaganna, og virðist hegningin þá hæfilega ákveðin 8 mánaða betrunarhúsvinna; svo ber honum og að greiða allan kostnað af málinu, þar á meðal 5 kr. í málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum 12 kr. til hvors. Hins vegar hljóta iðgjöld þau, sem undirdómarinn hefur dæmt hinn ákærða til að greiða, að falla

niður, þar sem þau ekki eru nefnd í hjeradsstefnunni, enda sjest ekki af rjettargjörðunum, að þeirra hafi verið krafizt.

Málið hefir verið rekið í hjeraði með tilheyrilegum hraða, og flutningur þess fyrir báðum rjettum verið lögmætur.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn ákærði Jakob Davíð Sigurðsson á að sæta 8 mánaða betrunarhússvinnu, og greiða allan kostnað af máli þessu, þar á meðal málsfærslulaun til svaramanns síns í hjeraði Frb. Steinssonar, og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar 12 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 2/1877:

Jón Breiðfjörð og

Ásbjörn Ólafsson

gegn

Jóni Oddssyni og

Guðmundi Hannessyni.

Dómur.

Talsmaður áfrýjandanna við yfirdóminn hefur krafizt þess, að annaðhvort verði felldur dómur í máli þessu nú þegar, eða sjer veittur frestur til 9. júlí næstk., til að útvega 2 útskriftir af rjettargjörðum, er hann hafði framlagt við yfirdóminn, en mótparturinn tekið til sín sem sína eign. Með því talsmaður áfrýjandanna þegar tvisvar hefur fengið frest til að útvega sjer áminnztar útskriftir, virðist ekki geta verið næg ástæða að veita honum gegn neitun mótpartsins frestinn lengðan enn þá einu sinni til 9. n. m.; en með því þannig